

## Fundargerð

Föstudaginn 18. mars 2022 kl. 08:30 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir nr. 389 var samþykkt.

### 2. Árborg

Guðni Geir Einarsson skrifstofustjóri í innviðaráðuneytið kom inn á fundinn undir þessum lið. Umræða um fund EFS með fulltrúum Árborgar sem haldinn var þann 8. mars síðastliðin. Fram kom í máli fulltrúa Árborgar að það þarf að bæta áætlunarlíkanið til að greina og meta betur útgjaldaþróun í samræmi við íbúafjölgun. Gert er ráð mikilli íbúafjölgun á næstu árum og mögulega þarf að uppfæra fjárhagsáætlun 2022-2025 með þeim hætti að útgjaldaþróun taki betur mið af íbúafjölgun.

Frekari umræðu um næstu skref frestað til næsta fundar.

### 3. Fyrirspurn frá Alþingi

Lögð voru fram drög að svari við fyrirspurn frá Alþingi. Fyrirspurnin fjallar um hvort EFS og/eða innviðaráðuneytið hafi tekið fjármál Reykjavíkurborgar til sérstakrar skoðunar. Einnig um almenn viðmið sem EFS og/eða ráðuneytið hafa til hliðsjónar þegar metið er hvort taka þurfi fjármál sveitarfélags til sérstakrar skoðunar.

Farið var yfir drögin og ákveðið að afgreiða málið á aukafundi nefndarinnar þann 22. mars.

### 4. Fjárhagsáætlun 2022

Áframhaldandi umræða um fjárhagsáætlanir 2022.

### 5. Verkefnaskjal

Farið var yfir verkefnaskjal.

### 6. Önnur mál

Enginn önnur mál